

Alþingi
Erindi nr. P 139/478
komudagur 29.11.2010

Alþingi
Efnahags og skattanefnd
Austurstræti 8-10



150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum og vilja koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir athugasemdir Samtaka atvinnulíffsins en hafa eftirfarandi athugasemdir við efnisþætti frumvarpsins sem snúa að ferðaþjónustu sérstaklega.

-Áfengisgjald

Opinberar tölur sýna að sala á áfengi hefur dregist saman á síðustu tveimur árum og hafa áætlanir ríkissjóðs um tekjur af áfengissölu ekki skilað sér þrátt fyrir hærri áfengisgjald. Einnig sýna upplýsingar frá félagi atvinnurekenda að sala áfengis hefur færst undir yfirborðið þar sem sala á landa til ungmenna hefur verið umtalsverð á síðasta ári ásamt því að aukning á heimatilbúnu áfengi og smygli hefur aukist frá bankahruni.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að sú hækkun, sem nú er boðuð á áfengisgjaldi og bætist við samanlagða hækkun upp á 40% frá hruni, mun að mestu skila öflugri heimilisiðnaði og neðanjarðarsölu á áfengi. Minnkandi velta mun skila sér í minni umsvifum og fækkun starfsfólks á veitingastöðum. SAF telja að lækkun áfengisgjalds muni minnka neðanjarðarstarfsemi, efla opinbera sölu á áfengi og samtímis auka tekjur ríkissjóðs.

-Umhverfis- og auðlindaskattar á innanlandsflug

Ekki eru færð nein rök fyrir 50% hækkun umhverfis- og auðlindaskatts. Þekkt er sú staðreynd að farþegi í flugi mengar mun minna en farþegi sem ferðast sömuleið í einkabíl. Þessi skattur er því ekki til þess fallinn að sinna umhverfismálum á neinn hátt og mun hafa töluverð áhrif á samkeppnisstöðu innanlandsflugsins þar sem eldsneytskostnaður er einn stærsti rekstrarliðurinn. Auk þess er rétt að benda á að frá 01. janúar 2012 verður flug á Íslandi hluti af viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og því hlýtur þessi skattur að falla niður frá sama tíma.

-Umhverfis- og auðlindaskattar ásamt olíugjaldi á hópþifreiðar

Á síðastliðnum 24 mánuðum hefur olíugjald verið hækkað þrívígis og hefur það haft í för með sér mjög miklar kostnaðarhækkanir fyrir hópþifreiða. Nú er yfirvofandi enn ein hækkunin og mun sú hækkun ásamt hækkun auðlindaskatts vera hópþifreiðafyrirtækjum gríðarlega þungbær sérstaklega með tilliti til þess að hópþifreiðafyrirtækin eru ekki í virðisaukaskattskerfinu og leggjast því 25% ofan á olíugjald og annan meginþorra aðfanga. Einnig má búast við að þifreiðagjöld hækki umtalsvert með nýjum lögum um þifreiðagjöld

Samtök ferðaþjónustunnar telja það óásættanlegt að aðrar greinar flutninga hafa notið mótvægisáðgerða til að mæta skerðingunni á meðan hópþifreiðafyrirtækin þurfa að greiða álag á hækkunina.

Virðingarfyllt

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri